

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/4/01	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1099 - Otto Versand/Actebis) .....	1
98/EES/4/02	Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.993 - Bertelsmann/Kirch/Première) .....	2
98/EES/4/03	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1094 - Caterpillar/Perkins Engines) .....	2
98/EES/4/04	Tilkynning um samstarfssamning í tengslum við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/36.213/F-2 - GEAE/P&W) .....	3
98/EES/4/05	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/36.530/F3) .....	4
98/EES/4/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1055 - Cegetel/Vodafone - SFR) .....	4

98/EES/4/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1003 - Alcoa/Inespal) .....	5
98/EES/4/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1013 - Shell UK/Gulf Oil (Great Britain)) .....	5
98/EES/4/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1021 - Compagnie Nationale de Navigation/Sogelfa - CIM) .....	6
98/EES/4/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1046 - Ameritech/TeleDanmark) .....	6
98/EES/4/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1058 - Unichem/Alliance Santé) .....	7
98/EES/4/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 56/97 - Þýskaland .....	7
98/EES/4/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 58/94 - Þýskaland .....	7
98/EES/4/14	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	8
98/EES/4/15	Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um ákveðnar greinar í fjórðu og sjöundu tilskipun ráðsins um reikningshald .....	9
98/EES/4/16	Tilvísunarnúmer í tengslum við tilkynningu á útflutningi tiltekinna hættulegra kemískra efna .....	9
98/EES/4/17	Fjárhæðir viðmiðunarmarka á sviði opinberra innkaupa fyrir tímabilið 1. janúar 1998 til 31. desember 1999 .....	9
98/EES/4/18	Tilkynning frá frönskum stjórnvöldum varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	10
98/EES/4/19	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	11
<b>3. Dómstóllinn</b>		
98/EES/4/20	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna .....	12
98/EES/4/21	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi .....	12

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1099 - Otto Versand/Actebis)

**98/EES/4/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Otto Versand óðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Actebis með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Otto Versand: aðallega póstpöntunarviðskipti,
  - Actebis: heildsala með tölvur og tölvubúnað, framleiðsla á einkatölvum og tengd þjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 32, 30. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1099 - Otto Versand/Actebis, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Upphaf málsmeðferðar**  
**(Mál nr. IV/M.993 - Bertelsmann/Kirch/Première)**

98/EES/4/02

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 1. 1998 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89<sup>(1)</sup>.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 32, 30. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.993 - Bertelsmann/Kirch/Première, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál nr. IV/M.1094 - Caterpillar/Perkins Engines)**

98/EES/4/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Caterpillar Inc. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir dísilvéla viðskiptum fyrirtækisins Lucas Varsity plc sem rekin eru undir vörueitinu Perkins.
2. Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 12. 1. 1998. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar og varð tilkynningin fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 20. 1. 1998.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 25, 24. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1094 - Caterpillar/Perkins Engines, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um samstarfssamning í tengslum við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni** **98/EES/4/04**  
**(Mál nr. IV/36.213/F-2 - GEAE/P&W)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. nóvember 1997 viðbót við tilkynningu um samstarfssamning sem var fyrst tilkynntur 26. september 1996 í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> milli deildarinnar General Electric Aircraft Engines í General Electric Company USA (GEAE) og Pratt & Whitney-deildar fyrirtækisins United Technologies Corporation, USA (P&W). Fyrsta tilkynningin um þennan samstarfssamning var birt í Stjtíð. EB nr. 332, 7. 11. 1996, bls. 5.
2. Samkvæmt upphaflegu tilkynningunni stofnuðu GEAE og P&W (samningsaðilarnir) fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í því skyni að hanna, þróa, framleiða, markaðssetja, selja og annast viðhaldsþjónustu á nýjum flugvélahreyfli fyrir stærri gerðir af 747-400 flugvélum sem Boeing var þá að hanna. Boeing tilkynnti í janúar 1997 að það myndi ekki halda verkefninu áfram.
3. Samkvæmt viðbótartilkynningunni mun fyrirtækið halda áfram að þróa nýja hreyfilinn sem verður með spyrnukrafti á milli 70 000 og 85 000 lbs (+/- 10%). Hreyfillinn er ætlaður í mjög stórar flugvélar, einkum Airbus A3XX (550-650 sæti). Samningsaðilar telja að nýja A3XX-vélin verði tekin í notkun á fyrsta ársfjórðungi 1999. Samningsaðilar benda á að Boeing sé með í undirbúningi áætlanir um að taka í notkun stóra farþegavél sem einnig verður búin nýja hreyflinum.
4. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
5. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtíð. EB nr. C 25, 24. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 00) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.213/F-2, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F  
Office 1/75  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/36.530/F3)****98/EES/4/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 1997 tilkynning, í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um samning milli fyrirtækjanna Alliance Santé S.A. (Frakklandi), Unichem Plc. (Breska konungsríkinu), ANZAG (Pýskalandi), Sanacorp Pharmahandel AG (Pýskalandi), Apothekers Coöperatie OPG U.A. (Hollandi) og Galenica Holding (Sviss), sem öll annast lyfjaheildsölu. Samningurinn kveður á um stofnsetningu fyrirtækis um sameiginlegt verkefni undir heitinu, International Pharmaceutical Services Organisation BV (IPSO), með aðalstöðvar í Hollandi.

Markmiðið með IPSO er að koma á fót dreifikerfi fyrir lyf og heilsuvörur innan Evrópu. Innan þessa ramma mun fyrirtækið annast þjónustu á forheildsölustigi, þar með talda lyfjadreifingu um alla Evrópu fyrir hönd framleiðenda og lyfjakaup fyrir hönd samningsaðilanna. Ennfremur mun IPSO veita samningsaðilum ráðgjafþjónustu á sviði smásölu og markaðsstarfsemi.

2. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
3. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 18, 21. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 02) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.530/F3, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F  
Office 2/75  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.1055 - Cegetel/Vodafone - SFR)****98/EES/4/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1055. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(1) Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

(2) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.1003 - Alcoa/Inespal)**

98/EES/4/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. 10. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1003. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.1013 - Shell UK/Gulf Oil (Great Britain))**

98/EES/4/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 11. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1013. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(<sup>1</sup>) Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu** **98/EES/4/09**  
**(Mál nr. IV/M.1021 - Compagnie Nationale de Navigation/Sogelfa - CIM)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1021. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu** **98/EES/4/10**  
**(Mál nr. I IV/M.1046 - Ameritech/TeleDanmark)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1046. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(<sup>1</sup>) Stjórnartíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórnartíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.1058 - Unichem/Alliance Santé)**

98/EES/4/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1058. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Ríkisaðstoð  
Mál nr. C 56/97  
Þýskaland**

98/EES/4/12

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar þýsku ríkisstjórnarinnar til fyrirtækisins Zeuro Möbelwerk GmbH, Thüringen (sjá nánari útlíðun í Stjttíð. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð  
Mál nr. C 58/94  
Þýskaland**

98/EES/4/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar þýskan ríkisstyrk til Unternehmensgruppe Müller/Loesch, FAG Kugelfischer AG, Steinbock Boss GmbH Fördertechnik og Jungheinrich AG og INA Werk Schaeffler KG (sjá nánari útlíðun í Stjttíð. EB nr. C 13 frá 17. 1. 1998).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

## Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/4/14 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki fjárhagsaðstoð belgíska ríkisins við fyrirtækið Duferco Clabecq SA í formi útvegunar á áhættufjármagni, enda felst ekki nein ríkisaðstoð í henni í skilningi 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2496/96/KSE (reglur um styrki til stáliðnaðarins), ríkisaðstoð nr. N 680/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 20 frá 22. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki aðstoð sem austurrísk stjórnvöld áforma að veita fyrirtækinu BMW Steiermark vegna byggðapróunar, umhverfisverndar, þjálfunar, sem og rannsókn- og þróunarstarfsemi, ríkisaðstoð nr. 475/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 12 frá 16. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska styrki til starfsþjálfunar í gleriðnaði í Bæjaralandi, ríkisaðstoð nr. N 37/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð til bílaiðnaðarins í þágu fyrirtækisins NedCar BV, ríkisaðstoð nr. N 463/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska rannsókn- og þróunaraðstoð innan ramma Evreka-áætlunarinnar, ríkisaðstoð nr. N 257/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skoska fyrirtækjastyrki í formi fjárfestinga í starfandi og nýjum fyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. NN 131/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun til að efla viðskipti og tryggja markaðsaðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja í héraðinu Extremadura, ríkisaðstoð nr. N 904/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt velska aðstoðaráætlun til efla ráðgjafarþjónustu við fyrirtæki, ríkisaðstoð nr. NN 107c/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð við bílaiðnaðinn vegna fjárfestingarverkefna framleiðsludeildar fyrirtækisins NedCar BV, ríkisaðstoð nr. N 149/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24.1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðgerðir til að efla svæðapróun í ítalska héraðinu Friuli-Venezia Giulia sem falla undir markmið 2, ríkisaðstoð nr. N 822/96, (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt svæðaaðstoð vegna starfsþjálfunar í spænska héraðinu Extremadura, ríkisaðstoð nr. N 45/97, ríkisaðstoð nr. N 149/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð til að efla fiskveiðar í belgíska fylkinu Flandri, ríkisaðstoð nr. NN 127/97, ríkisaðstoð nr. N 149/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til að efla uppbyggingu á fyrrverandi námusvæðum í Toscana, ríkisaðstoð nr. N 629/97, ríkisaðstoð nr. N 149/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskan sjóð til styrktar markaðssetningu á fiski sem fjármögnuð er með skattatengdum gjöldum, ríkisaðstoð nr. N 690/97, ríkisaðstoð nr. N 690/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 24. 1. 1998).

## **Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um ákveðnar greinar í 98/EES/4/15 fjórðu og sjöundu tilskipun ráðsins um reikningshald**

Framkvæmdastjórnin birti túlkunarorðsendingu um ákveðnar greinar í fjórðu og sjöundu tilskipun ráðsins um reikningshald í Stjtið. EB nr. C 17 frá 20. 1. 1998.

Fjórða og sjöunda tilskipun ráðsins eru helstu samræmingargerðir Evrópusambandsins um reikningsskil. Í túlkunarorðsendingunni gerir framkvæmdastjórnin athugasemdir við verkefni þar sem þörf virðist vera á nánari útskýringum rétttra yfirvalda. Verkefnin voru valin með hliðsjón af umræðum í samráðsnefndinni um reikningsskilatilskipanir sem og umræðum í ráðgjafahópnum um reikningshald.

Þau sjónarmið sem koma fram í orðsendingunni endurspeglar ekki endilega álit aðildarríkjanna og ættu ekki að skuldbinda þau á nokkurn hátt. Þau hafa ekki áhrif á túlkun EB-dómstólsins, sem endanlegs úrskurðaraðila hvað varðar túlkun samningsins og afleiddrar löggjafar, á þessu efni (sjá nánari útlistun í fyrrnefndum Stjtið. EB)

## **Tilvísunarnúmer í tengslum við tilkynningu á útflutningi tiltekinna hættulegra kemískra efna 98/EES/4/16**

Framkvæmdastjórnin birti skrá yfir tilvísunarnúmer í tengslum við tilkynningu á útflutningi tiltekinna hættulegra kemískra efna í Stjtið. EB nr. C 22, 23. 1. 1998.

Skráin var birt í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92<sup>(1)</sup> þar sem kveðið er á um að framkvæmdastjórnin skuli með reglulegu millibili birta skrá yfir tilvísunarnúmerin í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins og tilgreina efnin sem um ræðir og þriðja land sem er viðtökuland (skráin er birt í heild í fyrrnefndum Stjtið. EB).

## **Fjárhæðir viðmiðunarmarkna á sviði opinberra innkaupa fyrir tímabilið 1. janúar 1998 til 31. desember 1999. 98/EES/4/17**

Framkvæmdastjórnin birti fjárhæðir viðmiðunarmarkna á sviði opinberra innkaupa fyrir tímabilið 1. janúar 1998 til 31. desember 1999 í Stjtið. EB nr. C 22, 23. 1. 1998 (sjá nánari útlistun í fyrrnefndum Stjtið. EB)

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 13.

**98/EES/4/18**

**Tilkynning frá frönskum stjórnvöldum varðandi tilskipun  
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir  
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni<sup>(1)</sup>**

Tilkynning um umsókn um einkanytjaleyfi til að leita að fljótandi jarðolíu eða -gasi, sem vísað er til er sem "Soufflenheim Licence"

Með umsókn dags. 21. október 1997 fór Compagnie de Participations Commerciales, Industrielles et Financières (PACIFICO), sem er með höfuðstöðvar á 153 Boulevard Haussmann, 75008 Paris (Frakklandi), fram á þriggja ára einkanytjaleyfi til að leita að fljótandi jarðolíu eða -gasi, sem vísað er til sem "Soufflenheim Licence", á u.þ.b. 101 ferkílómetra svæði í umdæminu Bas-Rhin (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 22, 23. 1. 1998).

Fyrirtæki sem óska eftir að leggja inn umsókn til að keppa um svæðið er heimilt að gera það innan 90 daga frá því að þessi auglýsing birtist í fyrirnefndum Stjtið. EB í samræmi við reglurnar sem lýst er stuttlega í tilkynningunni um veitingu réttinda til að vinna olíu og jarðgas í Frakklandi sem birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 374, 30. 12. 1994, og úrskurði 95-427 frá 19. apríl 1995 um námuréttindi (frönsku stjórnartíðindin frá 22. apríl 1995).

Frekari upplýsingar fást á eftirfarandi heimilisfangi: Ministère de l'économie, des finances et de l'industrie, secrétariat d'État à l'industrie, direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des hydrocarbures, service exploration-production, 99, rue de Grenelle, F-75353 Paris 07 SP, sími: 01 43 19 38 28, bréfasími: 01 43 19 31 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/4/19

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
97-0845-D	Fyrirmæli um notkun á ómeðhöndluðum og meðhöndluðum lífbrjótanlegum úrgangi í landbúnaði og skógrækt og um gróður mold til notkunar í garðyrkju (fyrirmæli um lífbrjótanlegan úrgang)	9.3.1998
97-0846-D	Samþykkisforskrift BAPT 211 ZV 038/15 GHz að stafrænum radióendurvarpsbúnaði í fasta-sambandsþjónustunni á tíðnisviðinu 15 GHz	11.3.1998
97-0847-UK	Drög að reglum um öryggi stórra seglskipa og vélknúinna skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni, ásamt drögum að reglugerðum um skip fyrir íþróttáeða frístundastarfsemi sem rekin er í atvinnuskyni til að hrinda í framkvæmd öryggisreglum í Breska konungsríkinu	12.3.1998
97-0848-S	Reglugerðir um bensínstöðvar fyrir ökutæki sem nota metangas	11.3.1998
97-0849-E	Drög að fyrirmælum um breytingu á tæknilegum viðbótarleiðbeiningum MIE-AP5 um reglur um yfirþrýstingsumlykjur á slökkvitækjum	17.3.1998
97-0850-E	Drög að fyrirmælum um framkvæmda- og þróunarstaðla í konunglegum úrskurði 1942/1993 frá 5. nóvember um samþykki fyrir reglugerð um brunavarnarbúnað og endurskoðun á viðaukum og viðbættum við hana	17.3.1998
97-0851-A	Fyrirmæli sambandsríkisráðherra sem fer með málefni á sviði vísinda og flutninga um almenningsflugvélar og búnað í þær (ZLLV 1998)	18.3.1998
97-0853-I	Viðurkenning á að farið sé að gildandi stöðlum um öryggisaðferðir og -kerfi við framleiðslu og notkun handbærra stiga	11.3.1998
(3)(4)(5)		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(5) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

## DÓMSTÓLLINN

### Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

98/EES/4/20

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 13. nóvember 1997 í máli C-248/96 (beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank te Amsterdam): R.O.J. Grahame, L.M. Hollanders gegn Bestuur van de Nieuwe Algemene Bedrijfsvereniging (almannatryggingar - óvinnufærni - tímabil launaðrar vinnu og tímabil sem eru meðhöndluð sem slík - herþjónusta - 4. liður J-hluta í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71).

Fyrirmæli dómstólsins (önnur deild) frá 16. október 1997 í máli C-140/96 P: Konstantinos Dimitriadis gegn endurskoðunarrétti Evrópubandalagsins (áfrýjun ekki dómtæk enda órökstudd).

Mál C-384/97: Mál höfðað þann 10. nóvember 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-395/97: Beiðni um forúrskurð frá Oberster Gerichtshof samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 4. nóvember 1997 í máli Landesgrundverkehrsreferent der Tiroler Landesregierung gegn 1) Herbert Kappes og 2) Edwin Neuner.

Mál C-396/97: Mál höfðað þann 25. nóvember 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-398/97: Mál höfðað þann 25. nóvember 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-403/97: Mál höfðað þann 2. desember 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

### Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup>

98/EES/4/21

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 9. desember 1997 í sameinuðum málum T-195/94 og T-202/94: Friedhelm Quiller og Johann Heusmann gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (skaðabótamál - ósamningsbundin ábyrgð - mjólk - viðbótargjöld - viðmiðunarmagn - reglugerð (EBE) nr. 2055/93 - bætur til framleiðenda - fyrningartímabil).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. nóvember 1997 í máli T-290/94: Kaysersberg SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - reglugerð nr. 4064/89 - ákvörðun um að lýsa samfylkingu samrýmanlega sameiginlega markaðinum - skuldbindingar - hreinlætisvörur fyrir konur - aðgerð til ógildingar - mál dómtækt - brot á málsmeðferðarreglum - ráðgjöf þriðju aðila - yfirburðarstaða).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi (fyrsta deild með auknum fjölda dómara) frá 24. nóvember 1997 í máli T-226/94 (92): Foreningen af Jernskibs- og Maskinbyggerier i Danmark, Skibsværftsforeningen o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisstyrkur - skipasmíði - málsmeðferðarkostnaður).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 25. nóvember 1997 í máli T-39/97: T. Port GmbH & Co gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (landbúnaður - sameiginlegt markaðsfyrirkomulag - bananar - beiðni um útgáfu á viðbótarinnflutningsleyfum - málhöfðun vegna yfirlýsingar um vanefnd á aðgerð - málsmeðferð vegna vanrækslu - engin þörf á að dæma í málinu).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 20. nóvember 1997 í máli T-85/97: Interprovinciale des Fédérations d'Hoteliers, Restaurateurs, Cafetiers et Entreprises Assimilées de Wallonie ASBL (Féd. Horeca-Wallonie) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (málsmeðferð - frestir - aðferð við útreikning - frávísun).

<sup>(1)</sup> Sjá Stjttíð. EB nr. C 26, 24. 1. 1998.